

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Sent á netfangið umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 28. maí 2024

Efni: Umsögn Crowberry Capital GP ehf. um frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (erlendar fjárfestingar). Mál nr. 921 á 154. löggjafarþingi.

Crowberry Capital GP ehf. („**Crowberry**“) er skráður rekstraraðili tveggja sérhæfðra sjóða, Crowberry I og Crowberry II, sem eru reknir sem vísisjóðir og fjárfesta í óskráðum nýsköpunarfyrirtækjum á Íslandi og Norðurlöndunum sem eru á fyrstu stigum. Crowberry vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um fyrirleggjandi drög að frumvarpi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (erlendar fjárfestingar, þskj. 1366, 921. mál á 154. löggjafarþingi (hér eftir „**frumvarpið**“).

1. Almenn

Yfirlýst meginmarkmið frumvarpsins er að efla erlenda fjárfestingu hér á landi, einkum í nýsköpun. Samkvæmt [skýrslu](#) Framvís, samtaka engla- og vísisjóða, um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja 2023, þá fjárfestu íslenskir vísisjóðir fyrir að meðaltali 6 ma.kr. á ári á undanfönum fimm árum. Það er því ljóst að fjármögnun sprotafyrirtækja á Íslandi kemur aðallega frá vísisjóðum. Í núverandi mynd gerir frumvarpið hins vegar ekkert til að styrkja fjárfestingu erlendra aðila í innlendum vísisjóðum.

2. Athugasemdir við 1. gr.

Með b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fella brott skattskyldu erlendra aðila vegna hagnaðar af sölu hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta hér á landi sem hlotið hafa staðfestingu Seðlabanka Íslands og skráðir eru skv. 30. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, og 83. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Eftir því sem við best vitum eru engir vísisjóðir skráðir sem verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta hér á landi, enda eru fjárfestingar í sprotafyrirtækjum í eðli sínu mjög áhættusamar langtíma fjárfestingar sem henta almennum fjárfestum illa. Vísisjóðir á Íslandi eru þvert á móti flestallir reknir sem sérhæfðir sjóðir fyrir fagfjárfesta, sem þýðir að þeir falla utan við breytingartillöguna í núverandi mynd.

Með hliðsjón af markmiði laganna að styðja við erlenda fjárfestingu, einkum í nýsköpun, tökum við því eindregið undir með öðrum umsagnaraðilum á borð við [Arion banka](#) um að 1. gr. frumvarpsins verði útvíkkuð þannig að undanþágan frá skattskyldu taki einnig til sérhæfðra sjóða sem ætlaðir eru fagfjárfestum. Slík breyting væri til mikilla hagsbóta fyrir vísisjóði og aðra

sérhæfða sjóði, sérstaklega varðandi bandaríska fjárfesta sem hafa veigrað sér við að fjárfesta í innlendum sjóðum vegna óvissu með tvísköttunarsamning Íslands og Bandaríkjanna líkt og rakið er í greinargerð frumvarpsins.

Við erum reiðubúin að koma á fund nefndarinnar til að ræða framangreint sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

f.h. Crowberry Capital GP ehf.

DocuSigned by:

Hrafnkell Asgeirsson

Hrafnkell Asgeirsson, yfirlögfræðingur